

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Vinnlustöðin hf. Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	16.5.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Vinnlustöðin hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hafnargötu 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	700269-3299	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Unnar Hólm Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	436194,528 327119,082

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá árinu 2016 eru enn opin og eitt frávik til viðbótar fannst í eftirlitinu. Ein ábending var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla (staða frávíka og athugasemda)
2. Olía og lýsi, geymar, lagnir og þró – nýjar kröfur
3. Fráveitulagnir og sýnatökustaður við hreinsivirki
4. Niðurstöður frárennismælinga 2017
5. Heildarúttekt á frárennsli skv. grein 5.2 í starfsleyfi.
6. Yfirferð yfir aðrar kröfur í starfsleyfi, sjá meðfylgjandi yfirlit
7. Skoðunarferð um verksmiðjuna, samantekt og kvittun gefin út.

Unnar Hólm Ólafsson var fulltrúi rekstraraðila en Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Byrjað var á fundi og svo farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og verksmiðjulúðina. Vinnsla var ekki í gangi en starfsmenn unnu á viðhaldi og viðgerðum.

1. Tvö frávik frá 2016 eru enn opin.

a. Í mælingum frá 2015 var ryk í útblæstri yfir kröfum í starfsleyfi. Þetta var skráð sem frávik í eftirliti ársins 2016 og farið fram á tímasetta úrbótaáætlun. Félag íslenskra fiskimjölsverksmiðja (FÍF) sendi inn erindi fyrir hönd allra rekstraraðila sem framleiða fiskimjöl og vísaði Vinnlustöðin hf. í erindi FÍF, en sendi aldrei inn tímasetta úrbótaáætlun. Umhverfisstofnun hefur verið í samskiptum við rekstraraðila vegna þessa og minnt var á útistandandi frávik í eftirliti síðasta árs og starfsmaður í eftirfylgni hefur einnig farið fram á tímasetta úrbótaáætlun.

Ketill #3 mældist  $172 \text{ mg/Nm}^3$  er var ketillinn yfir mörkum fyrir ryk í útblæstri. Settur hefur verið upp nýr skorsteinn fyrir ketil # 3 en ólíkleg er að það hafi áhrif á ryk í útblæstri en gæti bætt loftdreifingu frá verksmiðjunni. Frávikið er því enn opið.

Skila þarf inn tímasettri úrbótaáætlun um hvenær og hvernig ná á ryki í útblæstri ketils #3 undir  $100 \text{ mg/Nm}^3$ .

Ekki verður gerð athugasemd við ketil #1 sem mældist  $110 \text{ mg/Nm}^3$ . Mælinákvæmni mæliaðferðarinnar er á bilinu 5 -15% og því mælingin innan skekkjumarka.

b. Útstreymishraði upp úr skorsteinum nær ekki tilskildum mörkum en starfsleyfi setur lágmarkshraða við 20 m/s. Þetta er frávik frá árinu 2016. Rekstraraðili vísaði fyrst í erindi FÍF en nú er búið er að setja upp nýjan skorstein fyrir ketil #3 og er hann hannaður þannig að 20 m/s eiga að nást í útblæstrinum. Enn á eftir að sýna fram á það með mælingum. Útblástur frá kalti #1 er óbreyttur og síðast þegar mælt var náði útblásturshraði í honum ekki 20 m/s. Frávikið er því enn opið.

Skila skal inn tímasettri úrbótaáætlun um hvenær búið verður að auka útblásturshraða upp eða yfir 20 m/s. Hafa skal í huga að Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri útblásturshraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins. Í því tilviki þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni loftþraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

2. Farið var yfir nýjar kröfur til olíu- og lýsisgeyma sem komu til með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Sömu kröfur eru nú gerðar til olíu- og lýsismannvirkja og því þarf að botnþykktarmæla geyma og þrýstimæla niðurgrafnar lagnir. Eins þarf núna 90% mengunarvarnarþró um alla einfalda geyma undir olíu og lýsi. Frárennsli þróar skal fara um lögn í olíuskilju og á lögninni skal vera loki sem stendur lokaður nema þegar þróin er tæmd af uppsöfnuðu vatni. Fara þarf yfir alla geyma félagsins, niðurgrafnar lagnir tengdar þeim og botnþykktarmæla geyma á 10 ára fresti en þrýstiprófa niðurgrafnar lagnir á 5 ára fresti. Yfirfara þar þróarmannvirki og setja loka á frárennsli frá þeim.

3. Svartolía er notuð á katla #1 og #3 en með tilkomu nýs sæstrengs til Vestmannaeyja á vormánuðum 2017 hafa

möguleikar á keyrslu rafskautakatla til framleiðslu á gufu aukist. Olíunotkun hefur nú þegar minnkað og því er ryk frá verksmiðjunni að minnka.

4. Nýtt hreinsivirki í frárennsli var tekið í notkun fyrir loðnuvertíð 2016. Fyrstu mælingar á fitu, svifefni og COD (árlegar mælingar vegna 2016) bárust ekki fyrr en 24. apríl 2017 og mældist fita í frárennsli 140 mg/L. Næst fór sýnataka í frárennsli fram á loðnuvertíð 2017 og mældist fita þá 274 mg/L. Losunarmörk eru 100 mg/L. Á makrílvertíð 2017 mældist fita 80 mg/L og á síldarvertíð 2017 mældist fita 39 mg/L.

Samkvæmt innsendum gögnum þá voru svifefni í frárennsli á makrílvertíð 420 mg/L (sólárhingsssýni), unnin voru 300 tonn af makríl á þessum sólárhing og heildarfrárennsli sólárhingsins var 2400 tonn (2.400.000 L/sólárhing). Þetta reiknast um tífalt leyfilegt magn eða yfir 3000 g/tonn hráefnis. COD-ið reiknast 2,1 kg/tonn hráefnis sem er yfir mörkum í starfsleyfi. Losunarmörk eru 1,5 kg/tonn hráefnis. Öll efni sem mæla skal í frárennsli eru því yfir losunarmörkum og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Annað frárennsli s.s. frá gólfum og plönum og frá þrifum skal fara í fitugildru sem tæmd er eins oft og nauðsyn krefur. Geyma skal kvittanir fyrir hreinsun á fituskilju (úrgangur).

5. Rekstraraðili fékk frest til þess að skila inn heildarúttekt á mengun í frárennsli en skilafrestur í starfsleyfinu var 1. maí 2016. Nýtt hreinsikerfi var tekið í notkun í mars sama ár og þar sem úttektin skyldi taka til bæði vetrar- og sumarvinnslu þá yrði ekki hægt að ljúka mælingum sem byggðust á sýnatöku aftan við nýja hreinsivirkið fyrr en eftir síldarvertíð 2017. Heildarúttektin barst 21. desember 2017.

6. Farið var yfir áætlanir, skýrslur og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Umhverfismarkmið hafa verið sett í fyrirtækinu en unnið er að innleiðingu þeirra í daglegan rekstur.

Engin kvörtun hefur borist vegna verksmiðjunnar.

7. Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna.

Lokið er byggingu á mjöhlúsi en enn eru ýmsar framkvæmdir í gangi. Tengingangur til samtengingar á pökkun og geymslu er ekki lokið, enn er mjölið keyrt utandyra í kringum verksmiðjuna.

Lokið er við að steypa/malbika botn lýsisþróar og var frágangur skoðaður. Olíuskilja var skoðuð og fram kom að ekki væri loki í frárennsli þróarinnar. Með reglugerð nr. 884/2017 frá 3. október 2017 er það orðin krafa í mengunarvörnum lýsismannvirkja.

50 m<sup>3</sup> tvöfaldur svartolíugeymir og aðrir minni olíugeymar standa við verksmiðjuna. Stóri geymirinn var áður á ábyrgð olíufélaganna en VSV hefur tekið við honum. Geymirinn er frá árinu 2007 og því þarf að þykktarmæla hann strax.

Skoðaður var nýi skorsteinninn en enn hafa mælingar ekki verið gerðar sem sýna fram á notagildi hans.

#### Frávik frá

ákvæðum í grein 2.16 í starfsleyfi

#### Lýsing á fráviki

Mæligildi fyrir fitu, svifefni og COD í frárennsli eru yfir losunarmörkum.

#### ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili skal senda nýjar teikningar af fráveitulögnum frá vinnslunni og hreinsivirki. Merkja skal sýnatökustað í frárennsli inn á teikninguna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.06.2018

  
Gottskálk Friðgeirsson